# Áfangalýsing ML

| | |
|---|---|
| **Titill:** | Félagsfræði: stjórnmálafræði |
| **Námsgrein:** | Félagsfræði |
| **Viðfangsefni:** | Stjórnmálafræði |
| **Skammstöfun:** | FÉLA3ST05 |
| **Þrep:** | 3 |
| **Einingafjöldi:** | 5 |
| **Lýsing:** | Í stjórnmálafræði er fjallað um grunnhugtök eins og hagsmuni, stjórnarskrá, þrískiptingu valds og fjórða valdið, lýðræði og mannréttindi. Rýnt er í ólíkar hugmyndir um vald og hvernig hægt er að hafa áhrif í samfélaginu.<br>Helstu stjórnmálastefnur, hugmyndafræði og átakalínur eru kynntar og greindar. Í því samhengi er meðal annars komið inn á jafnréttismál, umhverfismál og stéttskiptingu. Unnið er með „vinstri-hægri“ kvarðann og lagt mat á þær út frá afstöðu þeirra til breytinga og gilda. Fjallað er um alþjóðavæðingu, einkenni hennar og möguleg áhrif á stjórnmál framtíðarinnar.<br><br>Loks er fjallað sérstaklega um íslensk stjórnmál og stjórnmálaflokka. |
| **Forkröfur:** | FÉLA1AA05.<br>FÉLA2KR05 og/eða SAGA2MN05. |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• helstu stjórnmálastefnum og helstu viðfangsefnum stjórnmálafræðinnar<br>• helstu hugtökum í stjórnmálafræði, einkum hugtökunum hugmyndafræði, stjórnkerfi, lýðræði og vald<br>• mismunandi stjórnkerfum og innviðum þeirra<br>• ólíkum kenningum um vald og lýðræði<br>• þróun íslenskra stjórnmála<br>• hugmyndinni um þrískiptingu ríkisvaldsins<br>• mismunandi tegundum á stjórnmálaþátttöku<br>• mikilvægi fjölmiðla í stjórnmálum<br>• helstu einingum alþjóðastjórnmála og alþjóðakerfisins |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstyðja sitt mál.<br>• beita fyrir sig algengum hugtökum í stjórnmálaumræðu og einnig ólíkri hugmyndafræði stjórnmálanna til að skoða samfélög og málefni.<br>• beita gagnrýnni hugsun á kenningar, stefnur og önnur viðfangsefni stjórnmálafræðinnar hverju sinni ásamt því að geta stundað öguð og sjálfstæð vinnubrögð.<br>• mynda sér sínar eigin skoðanir sem byggist á gagnrýnni hugsun. |

| | |
|---|---|
| | • vinna sjálfstætt, taka ábyrgð á eigin námi og vinna í samvinnu við aðra |
| **Hæfniviðmið:** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• gera sér grein fyrir kenningum, stefnum og hugmyndafræði innan stjórnmálafræðinnar ásamt því að geta gert grein fyrir áhrifum mismunandi hugmyndafræði og stefna.<br>• nýta sér umfjöllun fjölmiðla til að fylgjast með og skilja stjórnmálaumræðu hverju sinni ásamt því fylgjast með gagnrýnum hætti umfjöllun um málefni tengd stjórnmálum.<br>• greina samfélagsmál með mismunandi hætti og áhrif þeirra á einstaklinga og samfélagið.<br>• taka þátt í samfélagslegri umræðu um þau málefni sem stjórnmálin koma að og skipta okkur öll máli. Geti beitt gagnrýnni hugsun og fært rök máli sínu til stuðnings í hópi jafningja á opinberum vettvangi. |
| **Námsmat** | Tilgreint í kennsluáætlun. |